

Aðalfundur Hrossaræktarfélags Spretts 17. 11. 2018

Fundargerð.

Formaður félagsins; Hannes Hjartarson setti fund og skipaði Kristin Hugason sem fundarritara.

Fyrst var tekin fyrir skýrsla stjórnar og reikningar sem hvoru tveggja var dreift á fundinum. Reikningarnir voru samþykktir samhljóða.

Stjórnarkjör; tveir skyldu ganga úr stjórn: Hannes Hjartarson formaður og Guðjón Árnason varamaður. Kristinn Hugason bar svo boð inn á fundinn frá Gunnari Má Þórðarsyni þess efnis að hann segði sig úr stjórninni. Því næst var Hannes endurkjörinn sem formaður og Guðjón Árnason sem varamaður og Hermann Arason sem varamaður í stað Gunnars Mús.

Undir liðnum; ákvörðun árgjalds, voru málin rædd frá ýmsum hliðum, m.a. að leggja árgjald af og helst samræma félagatal hrossaræktarfélagsins og Spretts, altént að komið yrði upp einfaldri lausn, s.s. að haka við á ákveðnum stað á heimasíðu Spretts og væru menn með því gengnir í félagið. Eftir nokkra umræðu var samþykkt óbreytt árgjald. Jafnframt sem að kynningu á félaginu yrði framhaldið og var formanni falið að ræða útfærslu þess við Magnús Benediktsson framkvstj. Spretts.

Þá var kynntur árangur ræktenda í félaginu á árinu og er vitnað í töflur þar að lútandi sem fylgdu skýrslu stjórnar. Jafnframt var tilkynnt að allar viðurkenningar yrðu afhentar á árshátíð Spretts um kvöldið og myndböndin, sem gerð hefðu verið venju samkvæmt, sýnd.

Undir liðnum önnur mál vat greint frá að stjórn hefði ákveðið árlega forskoðun kynbótahrossa þann 9. febrúar nk. og myndi það allt vera með hefðbundnum hætti; Kristinn Hugason myndi dæma. Að forskoðun lokinni eða í hádegishléi myndi verða fræðsluerindi og var formanni falið að ræða við Olil Amble um að halda það. Stefnt yrði að því að vísindaferð myndi farin þann 16. mars og var formanni falið að undirbúa það í samræmi við fyrirbyggjandi tillögu stjórnar sem var kynnt. Daníel Jónsson bar upp tillögu þess efnis að félagið myndi efna til hópferðar á sýninguna Ræktun í Ölfushöllinni, var samþykkt að stjórn kannaði hvort áhugi væri fyrir því er þar að kæmi. Einnig að kannað yrði hvort möguleiki væri að efna til unghrossakeppni inni, t.d. síðasta vetrardag.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Kristinn Hugason fundarritari.